

Lög Nemendafélags Grunnskólans á Hólmavík - nemendaráð

1. grein. Félagið heitir Nemendafélag Grunnskólans á Hólmavík.
2. grein. Tilgangur félagsins er að efla félagslegan áhuga nemenda, stuðla að félagsstarfi í skólanum og standa vörð um hagsmuni og velferð allra nemenda skólans.
3. grein. Í upphafi hvers skólaárs er kosið nemendaráð sem gegnir jafnframt hlutverki stjórnar út skólaárið. Í nemendaráði skulu sitja 6 fulltrúar. Úr unglingadeild koma 2 fulltrúar, af miðstigi 2 og af yngsta stigi 2 fulltrúar og jafnmargir eru kosnir til vara. Kosning fulltrúa í nemendaráði skal fara þannig fram að auglýst er eftir framboðum og kosið úr þeim hópi sem býður sig fram. Allir nemendur taka þátt í að kjósa fulltrúa sinnar bekkjardeildar í nemendaráð vetrarins.
4. Sá fulltrúi unglingadeildar sem fleiri atkvæði hlýtur er formaður ráðsins. Nemendaráð skipar sjálft ritara og gjaldkera (ef þörf krefur) auk meðstjórnenda. Fulltrúar unglingadeildar sitja einnig í skólaráði og taka þátt í starfsemi þess.
5. grein. Allir nemendur skólans eru félagar í Nemendafélaginu. Nemendaráð f.h. Nemendafélagsins getur staðið fyrir atburðum og uppákomum til fjáröflunar. Ágóða sem verður til skal fyrst og fremst varið til niðurgreiðslu á kostnaði vegna ferðalaga nemenda.
6. grein. Nemendaráð er tengiliður nemenda við skólastjórn og hefur yfirumsjón með félagsstarfi við skólann. Nemendur geta snúið sér til fulltrúa í nemendaráði til að koma málum á framfæri við skólastjórnendur og/eða skólaráð.
7. grein. Nemendaráð getur ákveðið að stofnsetja nefndir til að annast ákveðin verkefni. Nemendaráð velur þá í nefndir að höfðu samráði við væntanlega nefndarmenn.
8. grein. Nemendaráð kemur að jafnaði saman til fundar einu sinni í mánuði. Fulltrúar bera upp mál til umfjöllunar. Einfaldur meirihluti nægir til þess að

samþykkja mál innan nemendaráðs. Fundargerð skal haldin og henni skilað til skólastjóra og sett á heimasíðu skólans.

9. grein. Nemendaráð fundar einnig með skólastjóra einu sinni í mánuði og skrifa þá einnig fundargerð sem er skilað til skólastjóra og er sett á heimasíðu skólans. Skólastjóri getur kallað nemendaráð saman til fundar vegna mála sem varða alla nemendur.